

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru stöður bifreiða bannaðar á götunum Vogatunga—Dalbrekka.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 1. júlí 1969.

Sigurgeir Jónsson.

3. júlí 1969.

Nr. 209.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júlí 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrahússjóður Höfðakaupstaðar. Starfssvið hans er Höfðahreppur í Húnavatnssýslu með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1947.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —, er kvenfélagið Eining í Höfðahreppi hefur afhent honum.

3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé, og leggst það allt við stofnfé og myndar höfuðstól sjóðsins, sem ávaxta skal í Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin þrem konum búsettum í Höfðakaupstað. Skal starfandi ljósmóðir kaupsinsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur hennar kys Kvenfélagið Eining. Skulu þær konur kosnar til fjögurra ára, og ganga úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 1949, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið niður skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Höfðahreppi, sem náð hafa 18 ára aldri.

5 gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans. Hún skal halda gerðabók, skal færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn varða, fundargerðir stjórnarinnar, eignaskrá, í lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konur, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka